

Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána



**Umhverfismál í Vatnsendaskóla
haustið 2013**

Sótt um Grænfána í þriðja sinn

Vatnsendaskóli flaggaði Grænfána í fyrsta sinn í september 2009, í annað sinn í janúar 2012 og nú er skólinn að sækja um Grænfánann í þriðja sinn.

Umhverfisnefnd

Á haustönn 2006 var stofnuð umhverfisnefnd í Vatnasendaskóla með það að markmiði að sækja um Grænfána. Vinnuferlið hófst á því að á haustdögum 2006 gátu kennarar og starfsfólk skráð sig í teymi sem vann að umhverfismálum skólans. Í kjölfarið var þess farið á leit við foreldra að eitthvert þeirra gæfi kost á sér í setu í umhverfisteymi Vatnsendaskóla. Á vorönn vorum við komin með fulltrúa foreldra í teymið og þá kusu nemendur í 3. – 8. bekk tvo fulltrúa úr hverjum bekk til að sitja í teyminu en á þeim tíma voru nemendur í 8. bekk elstu nemendur skólans. Því má segja að á vordögum 2007 hafi umhverfisnefnd skólans verið fullskipuð. Tvisvar á hverri önn hafa verið fullskipaðir fundir hjá umhverfisnefnd og fullorðnir fulltrúar hafa fundað oft. Á hverju hausti hafa orðið mannabreytingar í umhverfisteypinu en einstaka fulltrúar hafa þó setið þar frá upphafi.

Haustið 2006 tók umhverfisnefnd þá ákvörðun að skólinn sækti um að fara á græna grein hjá Landvernd. Fyrsta verkefnið sem ákveðið var að taka fyrir var að draga úr pappírnotkun í skólanum og skoða hvað væri hægt að endurnýta. Einnig var ákveðið að leggja áherslu á að nemendur kæmu ekki með drykki í einnota umbúðum í skólann.

Fjöldi fulltrúa nemenda í umhverfisnefnd þótti of mikill og því var ákveðið að fækka þeim og nú eru tveir nemendur úr hverjum 5. – 7. bekk skólans í nefndinni. Auk þess eiga fulltrúar stjórnenda, starfsmanna, kennara og foreldra sæti þar áfram.

Mat á stöðu umhverfismála

Strax á haustönn 2006 var farið yfir gátlistann sem finna má á heimasíðu Landverndar og voru það fulltrúar umhverfisnefndar skólans sem gerðu það. Á fyrsta fundi fullskipaðrar umhverfisnefndar var gátlistinn kynntur fyrir öllum nefndarmönnum og fengu nemendur í hendur þann hluta gátlistans sem heitir meðhöndlun á rusli. Nemendur áttu að ræða um efni listans við bekkjarfélaga sína og skila svo aftur til umhverfisnefndar. Síðan hefur verið farið yfir gátlistann af og til til að skoða hverju við höfðum áorkað.

Áætlun

Ákveðið var að fyrsta skref í umhverfismálum skólans yrði að ná góðum tókum á pappírflökkun og að draga úr pappírnotkun. Einnig var ákveðið að lágmarka notkun einnota umbúða. Byrjað var að vinna að þessum verkefnum skólaárið 2006-2007 og hefur verið unnið að þeim síðan.

Haustið 2009 var næsta skref tekið en það var að draga úr orkunotkun í skólanum eins og kostur er og hefur verið unnið markvisst að því síðan. Því til viðbótar ákváðum við að flokka lífrænt sorp í öllum skólanum og hefur það gengið vel.

Haustið 2011 var þriðja skrefið tekið og þá var ákveðið að huga að umhverfismálum í nærumhverfi nemenda. Sérstaklega átti að huga að skólalóð og gróðri. Hefur sú vinna staðið yfir síðan.

Umhverfisnefnd tók ákvörðun um ofangreind skref í umhverfismálum og voru þau síðan kynnt á starfsmannafundum þar sem samþykkt var að vinna að þessum markmiðum. Einnig voru markmiðin kynnt fyrir nemendum og foreldrum. Vel hefur gengið að ná og viðhalda markmiðunum sem sett hafa verið.

Eftirlit og endurmat

Umhverfisnefnd hefur haft það hlutverk með höndum að vinna að framgangi umhverfisstefnu skólans. Meðal annars hefur hún farið yfir gátlistann og unnið í þeim málum sem þarfnast hafa úrbóta. Í skólanum er markvisst unnið í sjálfsmati og er ætlunin að umhverfismál verði metin reglulega á þeim vettvangi.

Skref í rétta átt

Starfsmenn Vatnsendaskóla leita stöðugt nýrra leiða til að vernda umhverfi sitt. Heimanámsáætlanir nemenda eru nú eingöngu sendar heim í tölvupóstum og sama má segja um öll skilaboð til foreldra, innkaupalista að hausti, skóladagatal og vikulega bekkjarpósta sem umsjónarkennarar senda heim á föstudögum. Við ljósritun er alltaf leitast við að prenta báðum megin á blaðið ef því verður við komið.

Haustið 2010 var hætt að hafa pappírspurrkur í skólastofur því nemendur ofnotuðu þær. Á salernum nemenda eru blásarar til að þurrka sér um hendur.

Haustið 2011 var sölu á nesti í einnota umbúðum í unglíngadeild hætt. Nú koma nemendur í unglíngadeild með nesti að heiman.

Ef nemendur skólans koma með nesti í einnota umbúðum í skólann fara þeir með umbúðirnar heim.

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að nota rafhlöður sem hægt er að endurhlaða. Þess er vandlega gætt að safna saman þeim rafhlöðum sem þarf að farga og koma þeim á réttan förgunarstað.

Öll ræstiefni sem notuð eru í skólanum eru umhverfisvottuð og eiga því að vera hættuminni fyrir umhverfið.

Á hverju hausti tekur Vatnsendaskóli þátt í verkefninu *Göngum í skólann* og eru nemendur hvattir til að koma hjólandi eða gangandi í skólann.

Vatnsendaskóli er í samstarfi við Gámaþjónustuna og erum við með gáma frá þeim fyrir; almennt sorp, lífrænt sorp, pappír og bylgjupappa.

Fræðsla

Nemendur í umhverfisnefndinni hafa tekið virkan þátt í að fræða samnemendur sína um umhverfismál. Einn liður í því að gera þá meðvitaðri um endurvinnslu var heimsókn umhverfisnefndar í Sorpu á vorönn 2008. Nemendur í umhverfisnefnd hafa útbúið fræðsluspjöld og sett í allar stofur skólans. Einnig hafa þeir heimsótt bekki og haldið erindi um flokkun og endurnýtingu pappírs. Í öllu skólastarfi er lögð mikil áhersla á endurvinnslu. Sérgreinakennarar skólans leggja sérstaka áherslu á þann þátt í vinnu sinni með nemendum.

Haustið 2009 fóru nemendur í umhverfisnefnd í heimsókn í alla bekki til að minna á áframhaldandi flokkun pappírs. Erindi þeirra var líka að segja frá því að það hefði verið ákveðið að spara orku í skólanum eins og hægt væri með því að slökkva ljós, huga að því að hafa glugga ekki opna að óþörfu og gæta að stillingu á ofnum. Einnig þyrfti að gæta þess að láta vatn ekki renna að óþörfu. Þessu til áréttingar settu nemendur upp veggspjöld í stofunum.

Á vordögum 2010 heimsóttu nemendur í umhverfisnefnd alla bekki og færðu þeim sérstakar fötur fyrir lífrænan úrgang ásamt lífrænum sorppokum gerðum úr maís. Einnig kynntu þeir fyrir þeim hvernig þeir ættu að henda matarafgöngum í matsal skólans.

Á vordögum 2011 fóru nemendur í umhverfisnefnd í heimsókn í alla bekki og sýndu nemendum skólans skemmtilegt myndband um orkusparnað sem féll í góðan jarðveg. Þar var komið inn á óþarfa ljósanotkun, óþarfa notkun á rafmagni og sóun á bæði heitu og köldu vatni.

Á haustdögum 2013 heimsóttu nemendur í umhverfisnefnd skólans alla bekki og færðu þeim plöstuð fræðsluspjöld sem eiga að vera í stofunum til langs tíma. Nemendur minntu á flokkun pappírs og orkusparnað. Einnig eru nemendur í nefndinni að útbúa fræðsluefni um mikilvægi gróðurs í umhverfinu sem þeir ætla að kynna nemendum fljótlega. Þeir ætla líka að útbúa sérstakt kynningarefni um Grænfánann til að kynna nemendum skólans fyrir hvað hann stendur.

Nemendur skólans sjá um að tína rusl á skólalóðinni. Allir bekkir í skólanum fara út til skiptis og er skólalóðin þrífín í hverri viku.

Þegar nemendur eru í vettvangsferðum á haustin og vorin er áhersla á ýmis konar fræðslu í tengslum við ferðirnar. Til dæmis fræðast yngri nemendur um fugla sem hafa aðsetur við Elliðavatn og eldri nemendur taka sýni úr lífríki vatnsins og greina. Unglingarnir hafa farið í lengri gönguferðir og gíst á áfangastað. Í þessum ferðum hafa þeir kynnst náttúrunni á leiðinni, lært að nota göngukort og kynnst helstu kennileitum á leiðinni. Skólinn hefur látið gera göngukort af gönguleiðum í nágrenni skólans.

Náttúran

Vatnsendaskóli leggur sérstaka áherslu á náttúrufræðikennslu. Í því samhengi er útikennsla á stundaskrá nemenda í 1.-7. bekk. Einnig er lögð rík áhersla á útivist og vettvangsferðir fyrst á haustin og á vorin. Yngstu nemendur eru þá í útiveru nálægt skólanum en eldri nemendur fara lengra í burtu.

Vatnsendaskóli er staðsettur rétt við Elliðavatn og er til dæmis hægt að ganga í Guðundarlund og í Heiðmörk frá skólanum. Kennarar og nemendur skólans hafa nýtt sér þessi svæði á útivistardögum.

Á síðasta ári fékk Vatnsendaskóli aðgang að útikennslusvæði í nágrenni skólans. Svæðið býður upp á marga skemmtilega möguleika. Kennarar hafa farið með nemendahópa á svæðið þar sem þeir hafa unnið margvísleg verkefni.

Skólalóðin okkar hefur verið ófrágengin þar sem skólinn var byggður í áföngum og er nýlega hægt að tala um hann sem fullbyggðan. Þetta hefur haft bæði kosti og galla. Lóðin hefur verið náttúruleg að hluta til og að hluta til hefur hún verið í vinnslu. Langtímum saman hafa hlutar hennar verið afgirt bannsvæði vegna byggingafrankvæmda. Náttúrulegu svæðin hafa nýst vel. Til dæmis var þar „indjánatjald“ um tíma með eldstæði sem kveikt var upp í þegar við átti. Einnig er kveikt bál á ákveðnum stað á lóðinni á hverju vori og bakað brauð yfir eldinum. Þar er líka hægt að setja upp skordýragildir og því auðvelt að nálgast smádyr til að skoða í víðsjá. Yngri nemendur skólans eru duglegir að finna sér eitt og annað til dundurs á náttúrulega svæðinu í útivist og er það vettvangur fyrir skapandi leiki nemenda.

Kynning á stefnunni

Á öllum kynningarfundum með foreldrum og nemendum er sérstaklega talað um umhverfisstefnu skólans. Kennarar senda foreldrum vikulegt fréttabréf og þar er umhverfisstefnan áréttuð af og til. Umhverfissáttmáli skólans hefur verið settur á heimasíðu skólans til kynningar fyrir foreldra.

Umhverfissáttmáli Vatnsendaskóla

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á umhverfismál. Sérstök áhersla er á endurvinnslu, orkusparnað og náttúruvernd.

Í Vatnsendaskóla leggjum við áherslu á að bera virðingu fyrir:

- Umhverfi okkar
- Auðlindum okkar
- Náttúrunni í kringum okkur

Það gerum við með því að:

- Flokka pappír
- Draga úr pappírnotkun
- Draga úr notkun á einnota umbúðum
- Setja rusl í flokkunargáma eða sorptunnur
- Endurvinna eins og kostur er
- Endurnýta það sem hægt er
- Draga úr notkun rafmagns með því að slökkva ljós og á rafmagnstækjum
- Láta vatn ekki renna að óþörfu
- Gæta að hitastillingum á ofnum
- Ganga í skólann
- Nota almenningsamgöngutæki í skólann
- Hvetja til að drepið sé á vélum kyrrstæðra bíla
- Nýta nánasta umhverfi skólans til vettvangsferða
- Virða gróðurinn í umhverfi okkar

Næstu skref

Við vonum að sú vinna sem við höfum unnið síðastliðin tvö skólaár leiði til þess að við fáum að flagga Grænfánanum í þriðja sinn í desember næstkomandi. Fyrsta skref okkar var pappírsflokkun og að draga úr pappírnotkun og höfum við haldið áfram á þeirri braut. Næsta skref okkar var að leggja áherslu á orkusparnað og höfum við náð nokkuð góðum árangri á þeim vettvangi. Auk þess ákváðum við að flokka lífrænt sorp í skólanum og hefur það gengið vel. Þriðja skrefið okkar var að huga að gróðrinum í nærumhverfi okkar. Þar lögðum við áherslu á að kynna fyrir nemendum mikilvægi gróðurs og hvetja þá til að umgangast gróður af virðingu.

Við teljum farsælt að taka lítil skref á leið okkar við að gera Vatnsendaskóla að umhverfisvænum skóla. Með því móti getum við betur haldið utan um verkefnið og viðhaldið þeim skrefum sem þegar er búið að taka. Næsta skref sem við viljum taka er að vinna að lýðheilsu nemenda og starfsmanna Vatnsendaskóla.

Kópavogi 12. nóvember 2013

Birna Hugrún Bjarnardóttir
verkefnisstjóri